

Hópuppsagnir í september og samantekt frá áramótum

2. október 2008


Í septembermánuði bárust Vinnumálastofnun fjórar tilkynningar um hópuppsagnir. Allt voru það tilkynningar frá fyrirtækjum í byggingariðnaði, starfandi á höfuðborgarsvæðinu.

Alls var tilkynnt um uppsagnir á 113 starfsmönnum, en heildarfjöldi starfsmanna þessara fyrirtækja er um 430 og er því um fjórðungi starfsmanna sagt upp að jafnaði.

Uppsagnirnar koma til framkvæmda á fimm mánaða tímabili, en fyrstu uppsagnirnar koma til framkvæmda í lok októbermánaðar en þær síðustu í lok febrúar 2009. Flestar uppsagnirnar koma þó til framkvæmda fyrir árslok 2008.


Hópuppsagnir á árinu 2008

Alls hefur verið sagt upp um 1.460 manns á árinu 2008 með hópuppsögnum. Í hverjum mánuði hafa borist allt að fjórar tilkynningar, engin í mars en mest 4 í maí og september. Fjöldi þeirra sem sagt er upp er hins vegar mjög mismunandi, í flestum tilvikum eru fyrirtæki að segja upp fáum tugum starfsmanna en í einstaka tilvikum hafa uppsagnir einstakra fyrirtækja verið nálægt 100 eða jafnvel nokkur hundruð. Sveiflurnar eru því miklar milli mánaða en á heildina litið fjölgar þeim sem sagt er upp með hópuppsögnum eftir því sem líður á árið. Flestum starfsmönnum var sagt upp í ágúst, en einnig var fjöldi einstaklinga mikill í maí og júní (mynd 1).



Mynd 1. Hlutfallsleg dreifing hópuppsagna á mánuði

Nú síðustu mánuði hefur mest verið um hópuppsagnir í byggingariðnaði og er yfir 40% uppsagna á árinu 2008 í byggingariðnaði. Um 20% er í flugrekstri, milli 15 og 20% í ýmis konar þjónustustarfsemi, svipað hlutfall í verslunarstarfsemi og 6% í sjávarútvegi (mynd 2).



Mynd 2. Hlutfall hópuppsagna eftir atvinnugreinum

Nálægt 60% uppsagnanna ná til fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu, tæp 20% á Suðurnesjum og rúm 20% annars staðar á landinu.

Lög um hópuppsagnir

Vinnumálastofnun vill hnykkja á að tilgangur laga um hópuppsagnir er fyrst og fremst tvíþættur:

- að finna leiðir til að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir eða amk að fækka þeim starfsmönnum sem fyrir uppsögnum verða. Því er kveðið á um að ákveðið samráð við starfsmenn eigi sér stað áður en endanleg ákvörðun um uppsagnir er tekin.
- að Vinnumálastofnun fái tímanlega tilkynningu um að til fjöldauppsagna muni koma, svo hún geti unnið að því leita lausnar á þeim vanda sem slíkum uppsögnum fylgir með þeim sem fyrir uppsögnum verða og öðrum hlutaðeigandi.

Ítarlegri upplýsingar um lögina, tilganginn með þeim og annað sem þeim tengjast má finna á upplýsingasíðu um hópuppsagnir á vef stofnunarinnar.